



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárbings ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Selfossi, 22. maí 2024
2405037HS SHJ

Efni: Norður-Nýibær, nr. 0530/2024 - Umsögn um lýsingu aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags

Þann 8. maí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Rangárþingi ytra í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um lýsingu vegna aðalskipulagsbreytingar og gerð nýs deiliskipulags fyrir Norður-Nýjabæ í Rangárþingi ytra.

Skipulagssvæðið nær yfir svæði í landi Norður-Nýjabæjar (L165410) og lóð Norður-Nýjabæjar (L219861). Fyrirhugað er að skilgreina nýtt íbúðarsvæði með allt að 3 íbúðarhúsalóðum á lóð Norður-Nýjabæjar (L219861) og stækka núverandi verslunar- og þjónustusvæði VP23 fyrir hótél í landi Norður-Nýjabæjar (L165410) úr 1 ha í 4 ha. Innan verslunar- og þjónustusvæðis er gert ráð fyrir allt að 5.000 m² stækkun á núverandi hótélbyggingum, hreinlegri iðnaðarstarfsemi og allt að 1.500 m² stækkun á núverandi trésmíðaverkstæði auk þess sem föst búseta verður heimiluð í allt að 12 litlum íbúðum í rað- og/eða parhúsum. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið nýtt deiliskipulag fyrir svæðið.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en bendir á að skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Því er nauðsynlegt að fjalla með skýrum hætti um það hvaða atvinnurekstur er leyfilegur innan skipulagssvæðisins í bæði aðal- og deiliskipulagstillögum.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Stella Mönn

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi